

Mánudaginn 26. október 1992.

Nr. 11/1992. **Alþýðusamband Íslands**
f.h. Málm- og skipasmiðasambands Íslands
vegna Félags málmíðnaðarmanna Akureyri
 (Inga Þöll Þórgnýsdóttir cand.jur.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands
f.h. Málm, samtaka fyrirtækja í málm-
og skipaiðnaði vegna
Slippstöðvarinnar h/f
 (Jón R. Pálsson hdl.).

Kjarasamningur. Miðlunartillaga. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Erla Jónsdóttir, Ingi-
 björg Benediksdóttir, Gunnar Guðmundsson og Jón Þorsteinsson.

Málið, sem tekið var til dóms 13. október sl., er höfðað með
 stefnu þingfestri 22. september sl.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, Grensásvegi 16, Reykjavík,
 f.h. Málm- og skipasmiðasambands Íslands, Suðurlandsbraut 30,
 Reykjavík, vegna Félags málmíðnaðarmanna Akureyri, Skipagötu
 14, Akureyri.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, Garðastræti 41,
 Reykjavík, f.h. Málm, samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði,
 Hallveigarstíg 2, Reykjavík, vegna Slippstöðvarinnar h/f, Hjalt-
 eyrargötu 20, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að viðurkennt verði með dómi, að miðlunartillaga ríkissátta-
 semjara frá 26. apríl 1992 við lausn kjaradeilu ASÍ og VSÍ árið
 1992 sé gildandi fyrir Slippstöðina h/f gagnvart starfsmönnum
 í Félagi málmíðnaðarmanna Akureyri.
2. Að dæmt verði, að Slippstöðinni h/f verði gert skylt að uppfylla
 ákvæði miðlunartillögu um 1,7% hækkun 1. maí sl. og hækkun
 þá, er varð á orlofsuppbót í ágúst sl.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað
 að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru:

1. Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
2. Að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Málavextir.

Stefnandi segir málavexti vera þá, að Slippstöðin h/f og Félag málmíðnaðarmanna Akureyri ásamt Félagi verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri, Rafvirkjafélagi Norðurlands, Trésmiðafélagi Akureyrar, Verkalýðsfélaginu Einingu og Verkstjórafélagi Akureyrar og nágrennis hafi fyrst gert með sér kjarasamning í mars 1987. Síðan hafi aðilar framlengt samninginn þrem sinnum, í júní 1988, í september 1989 og í apríl 1990. Í þremur síðustu samningum hafi verið uppsagnarákvæði á þá leið, að samningurinn sé til ákveðins tíma og falli þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Í samningnum frá september 1989 hafi m.a. verið samið um 2,5% hækkun 31. desember 1989. Samningurinn hafi verið gerður til 1. mars 1990. Þann 2. febrúar s.á. hafi verið undirritaður kjarasamningur milli aðildarsamtaka vinnumarkaðarins, svokallaður þjóðarsáttarsamningur, sbr. dskj. 6. Í þeim samningi hafi verið gert ráð fyrir því, að tvær fyrstu hækkarnir kæmu ekki til framkvæmda, ef laun hefðu hækkað meira eða jafnt þeim hækkunum frá 31. desember 1989. Í samningi, sem aðilar þessa máls hafi gert með sér í mars 1990, hafi verið tekið tillit til þessa ákvæðis í þjóðarsáttarsamningi. Samningurinn hafi verið gerður til 1. janúar 1992 eða lengur en samningur um þjóðarsátt. Vegna þessa hafi aðilar samið um 2,5% hækkun þann 15. september 1991. Samningurinn hafi fallið úr gildi 1. janúar sl. Á þeim tíma hafi verið í gangi samningaviðræður aðildarsamtaka vinnumarkaðarins. Þann 26. apríl sl. hafi ríkissáttasemjari lagt fram miðlunartillögu til lausnar kjaradeilu. Miðlunartillagan hafi verið borin undir atkvæði í Félagi málmíðnaðarmanna, Akureyri. Atkvæði hafi farið á þann veg, að félagsmenn samþykktu miðlunartillöguna. Engir fyrirvarar hafi verið í miðlunartillögunni um gildi hennar gagnvart Slippstöðinni h/f. Þrátt fyrir það hafi Slippstöðin h/f ekki greitt starfsmönnum 1,7% hækkun á laun, sbr. 3. gr. tillögunnar. Í ágúst sl. hafi starfsmenn Slippstöðvarinnar h/f fengið greidda 7500 kr. orlofsuppbót, en ekki 8000 kr., eins og miðlunartillagan geri ráð fyrir, sbr. 6. gr. tillögunnar.

Fyrirsvarsmenn Slippstöðvarinnar h/f og Vinnuveitendasambands

Íslands hafi hafnað því, að hækkun skv. miðlunartillögu eigi að koma á laun starfsmanna, þar sem framkvæmdanefnd VSÍ hafi ekki samþykkt kjarasamning milli Slippstöðvarinnar h/f og ofangreindra félaga, og því hafi Vinnuveitendasamband Íslands ekki átt aðild að kjarasamningnum, sem féll úr gildi 1. janúar sl., og hann sé því gildislaus gagnvart Vinnuveitendasambandi Íslands. Þar sem miðlunartillagan hafi einungis falið í sér framlengingu síðast gildandi kjarasamninga ASÍ og VSÍ, hafi kjarasamningur milli Slippstöðvarinnar h/f og félaganna ekki framlengst með miðlunartillögunni, og miðlunartillagan sé því gildislaus gagnvart starfsmönnum Slippstöðvarinnar h/f.

Árangurslausir fundir hafi verið haldnir með aðilum, og því sé Alþýðusamband Íslands til knúíð að fá dóm Félagsdóms vegna ágreiningsins.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi höfðar málið á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 og byggir kröfugerð sína á því, að þar sem Félag málmíðnaðarmanna, Akureyri, hafi samþykkt miðlunartillögu ríkissáttasemjara, sé miðlunartillagan gildandi fyrir Slippstöðina h/f gagnvart starfsmönnum í Félagi málmíðnaðarmanna, Akureyri, og því eigi umrædd 1,7% hækkun að koma til framkvæmda á laun félagsmanna í Slippstöðinni h/f ásamt hækkun á orlofsuppbót.

Stefnandi telur, að það sé Slippstöðvarinnar h/f að falast eftir samþykki Vinnuveitendasambands Íslands hvað verðar gildi samningsins milli Slippstöðvarinnar h/f og stéttarfélaganna gagnvart Vinnuveitendasambandinu. Forsvarsmenn Slippstöðvarinnar h/f hafi aldrei tilkynnt hlutaðeigandi stéttarfélögum, að samningurinn hafi ekki verið samþykktur af Vinnuveitendasambandinu. Á þeim fimm árum, sem kjarasamningur aðila hafi verið í gildi, hafi það aldrei komið til umræðu, að samningnum hafi verið hafnað af framkvæmdanefnd VSÍ. Unnið hafi verið eftir samningnum í einu og öllu, og í síðasta samningi frá 1990 hafi ekki verið fyrirvari um samþykki Vinnuveitendasambandsins. Félögin, sem stóðu að samningnum, og Slippstöðin h/f hafi jafnframt alltaf verið í þeirri trú, að samningurinn væri gildur gagnvart VSÍ.

Með 1. og 2. tl. 2. gr. þjóðarsáttar um, að ekki komi til hækkun skv. tölulíðunum, ef laun hafi hækkað jafnt eða meira þeim hækkunum frá og með 31. desember 1989, megi leiða að því líkur, að

Vinnuveitendasambandið hafi sérstaklega verið að girða fyrir frekari hækkunir hjá Slippstöðinni h/f, þar sem fáir eða engir aðrir samningar á vinnumarkaðnum hafi falið í sér hækkun þann 31. desember 1989. Ef svo sé, virðist Vinnuveitendasambandið hafa talið samninginn gildandi gagnvart VSÍ á þeim tíma.

Í miðlunartillögu ríkissáttasemjara í apríl 1992 hafi verið gert ráð fyrir 1,7% hækkun 1. maí sl. Tillagan hafi ekki gert ráð fyrir því, að skerða ætti þessa hækkun, ef hækkunir hefðu orðið umfram síðasta heildarsamning aðila vinnumarkaðarins í kjarasamningum stéttarféлага við einstaka atvinnurekendur, eins og gert hafi verið ráð fyrir í þjóðarsáttarsamningi. Í miðlunartillögunni séu greind starfssvið, sem miðlunartillagan taki ekki til, þ.e. í ál-, áburðar-, sements-, járnblendi-, steinullar- og kísilverksmiðjum, en Slippstöðin h/f á Akureyri sé þar ekki tilgreind.

Stefnandi telur engum vafa undirorpið, að þar sem Félag málm- iðnaðarmanna, Akureyri, hafi samþykkt miðlunartillöguna, og samkvæmt henni framlengist allir síðastgildandi samningar, eigi miðlunartillagan að vera gildandi fyrir Slippstöðina h/f gagnvart starfsmönnum hennar. Í 13. gr. miðlunartillögunnar segi enn fremur, að tillagan öðlist samningsgildi við samþykkt viðkomandi stéttarfélags og hlutaðeigandi samtaka vinnuveitenda.

Jafnframt vísar stefnandi til þeirrar meginreglu, að kjarasamningur bindi alla, sem aðild eiga að honum, alla, sem vinna þau störf, sem samningurinn nær til á samningssvæðinu.

Stefnandi telur, að orlofsuppbót sé eingreiðsla, sem samið sé um hverju sinni og koma eigi til framkvæmda á vissum tíma. Stefnandi skorar á stefnda að skýra frá því, eftir hvaða kjarasamningi orlofsuppbót árið 1992 hafi verið greidd, fyrst stefndi dragi í efa gildi miðlunartillögu gagnvart starfsmönnum Slippstöðvarinnar h/f.

Um lagarök vísar stefnandi til 1. gr. laga nr. 55/1980, laga nr. 80/1938, miðlunartillögu ríkissáttasemjara 1992 og samþykkis Félags málm- iðnaðarmanna, Akureyri, á miðlunartillögu ríkissáttasemjara frá 29. maí 1992.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að enginn kjarasamningur hafi komist á eða sé í gildi milli stefnanda, Félags málm- iðnaðarmanna á Akureyri og stefnda, Slippstöðvarinnar, sem veiti stefnanda þær launahækkunir, sem hann geri kröfu til í þessu máli.

Samþykki stefnanda við miðlunartillögu sáttasemjara í lok maí 1992 hafi verið hrein markleysa og þýðingarlaus gagnvart stefnda. Líta verði á samþykki stefnanda við miðlunartillögunni þann 29. maí 1992 sem tilboð til stefnda um efni nýs kjarasamnings aðila. Þessu tilboði hafi stefndi algjörlega hafnað með vísun til þess, að stefnandi hafi þegar fengið meiri hækkanir heldur en fólust í miðlunartillögu sáttasemjara.

Kröfur stefnanda hafi ekki nokkra stoð í miðlunartillögu sáttasemjara, þ.e. texta hennar og tilurð.

Málm- og skipasmiðasamband Íslands, sem er landssamband innan ASÍ, hafi ekki verið aðili að miðlunartillögu sáttasemjara frá 26. apríl 1992. Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri sé aðili að Málm- og skipasmiðasambandi Íslands, sbr. félagaskrá Alþýðusambands Íslands. Tvö aðildarfélög Málm- og skipasmiðasambandsins hafi hins vegar með vitund og vilja VSÍ gerst aðilar að miðlunartillögu sáttasemjara. Þess vegna sé þessara félaga getið í 1. gr. miðlunartillögunnar, enda sé það óumdeilt, að tillagan gildi um þessi tvö aðildarfélög Málm- og skipasmiðasambands Íslands, eftir að félögin og VSÍ samþykktu miðlunartillöguna. Félags málmíðnaðarmanna á Akureyri sé hins vegar ekki getið í miðlunartillögunni, ekki frekar en Félags járníðnaðarmanna í Reykjavík, sem óumdeilt sé, að var ekki aðili að miðlunartillögunni.

Bréf ríkissáttasemjara frá 16. september 1992 staðfesti þennan skilning stefnda, að Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri hafi ekki verið aðili að miðlunartillögunni, sem hann lagði fram. Það hafi verið sáttasemjari, sem lagði fram miðlunartillögurnar með stoð í 8. gr. laga nr. 33/1978, eftir að hafa ráðgast við aðila kjaradeilunnar.

Fullyrðingar stefnanda um það, að miðlunartillaga sáttasemjara hafi verið „fyrirvaralaus“, sé því út í bláinn, því að þau félög og sambönd, sem tillagan átti að gilda fyrir, hafi verið rækilega tilgreind í tillögunni, enda hafi slíkt verið nauðsynlegt samkvæmt 8. gr. laganna.

Málm- og skipasmiðasamband Íslands hafi á hinn bóginn verið aðili að febrúarsamningnum frá 1990, sbr. dskj. 6. Í 1. gr. 2. mgr. þess samnings hafi þau félög og sambönd, sem að samningnum stóðu, lofað að gera sitt ýtrasta til þess að fá framlengda þá kjarasamninga, sem þá voru í gildi, með þeim ákvæðum og efni, sem

í febrúarsamningnum fælust. Þetta ákvæði hafi því tekið til kjarasamnings Slippstöðvarinnar frá 29. september 1989, en gildistími hans hafi verið til 1. mars 1990.

Þetta loforð hafi ekki verið efnt. Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri hafi ekki viljað gangast afdráttarlaust undir þá skilmála, sem fólust í febrúarsamningnum, og hafi knúið stjórnendur fyrirtækisins til að gera sérstakan kjarasamning þann 5. apríl 1990. Þessi kjarasamningur hafi ekki verið sendur embætti ríkissáttasemjara, eins og skylt hafi verið samkvæmt 4. gr. 1. nr. 33/1978 um sáttastörf í vinnudeilum.

Miðlunartillaga sáttasemjara hafi í raun verið 7 tillögur, sem allar hafi verið efnislega samhljóða, í fyrsta lagi miðlunartillaga í kjaradeilu VSÍ og tilgreindra landssambanda ASÍ og einstakra félaga. Hinar miðlunartillögurnar 6 hafi verið lagðar fram í þeim 6 fyrirtækjum, þar sem VSÍ hafi gert sérkjarasamninga við stéttarfélag starfsmanna. Ef Vinnuveitendasambandi Íslands hefði verið kunnugt um, að í gildi væri sérstakur kjarasamningur við starfsmenn í Slippstöðinni h/f, hefði það verið sérstaklega rætt og sérstök miðlunartillaga lögð fram vegna þess fyrirtækis. Ef VSÍ hefði verið ósátt við efni þeirrar tillögu, hefði hún einfaldlega verið felld eins og miðlunartillagan í kjaradeilu ÍSAL.

Tilgangur miðlunartillagna sáttasemjara hafi verið að veita þeim stéttarfélagum, sem aðilar voru að kjarasamningi ASÍ/VSÍ frá 1. febrúar 1990 eða höfðu tekið efni hans upp í sérkjarasamninga sína, þær launahækkanir, sem í miðlunartillögunni fólust.

Óumdeilt sé í málinu, að samningur Slippstöðvarinnar h/f frá 5. apríl 1990 hafi verið bindandi fyrir fyrirtækið. Samningurinn hafi hins vegar ekki verið bindandi gagnvart Vinnuveitendasambandi Íslands, enda hafi það ekki verið aðili að samningsgerðinni, eins og ljóst sé af efni samningsins og undirskriftum. Fráleitt sé að halda því fram, að með miðlunartillögu sáttasemjara, sem VSÍ/ASÍ hafi verið aðilar að, hafi VSÍ verið að framlengja kjarasamning Slippstöðvarinnar h/f frá 5. apríl 1990, sem hvorki VSÍ né ASÍ voru aðilar að.

Því er mótmælt sem þýðingarlausu og málinu óviðkomandi, hafi starfsmenn Slippstöðvarinnar h/f fórnað einhverjum ávinningi, þegar þeir undirrituðu kjarasamning þann 5. apríl 1990.

Um frekari rökstuðning fyrir sýknukröfu stefnda er vísað til

bráðabirgðalaga nr. 89/1990 um launamál og bráðabirgðalaga nr. 66/1992 um breyting á lögum um Kjaradóm nr. 92/1986 með síðari breytingum.

Málkostnaðarkrafa er rökstudd með vísan til 65. gr., sbr. 69. gr. l. nr. 80/1938. Jafnframt er vísað til 45. og 63. gr. sömu laga.

Niðurstaða.

Ríkissáttasemjari lagði fram miðlunartillögu í kjaradeilu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands hinn 26. apríl 1992. Málsaðilar tóku ekki þátt í þeim samningaviðræðum. Samkvæmt upphafsorðum miðlunartillögunnar var hún til lausnar kjaradeilu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Meistara- og verktakasambands byggingamanna, Reykjavíkurborgar, Kópavogskaupstaðar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Í bréfi ríkissáttasemjara til Vinnuveitendasambands Íslands, dags. 16. sept. 1992, segir að Félag málmíðnaðarmanna, Akureyri, og Verkstjórafélag Norðurlands hafi ekki verið aðilar að miðlunartillögunni, jafnframt, að embættinu hafi ekki borist tilkynningar um atkvæðagreiðslu hjá Slippstöðinni á Akureyri.

Í bréfi ríkissáttasemjara til lögmanns stefnanda, dags. 5. okt. 1992, segir, að meðfylgjandi bréf, dags. 26. apríl 1992, sem sent var út af Alþýðusambandi Íslands, sé frá embætti ríkissáttasemjara. Félag málmíðnaðarmanna, Akureyri, hafi upphaflega ekki verið aðili að miðlunartillögu ríkissáttasemjara 26. apríl 1992, en með vísun til framangreindra bréfa hafi félagið gerst aðili að tillögunni. Tekið er fram, að embætti ríkissáttasemjara hafi ekki fengið senda samninga við Slippstöðina h/f á Akureyri árin 1987-1992.

Framangreint bréf, dags. 26. apríl 1992, er svohljóðandi:
„Sent þeim félögum innan ASÍ, sem ekki hafa átt aðild að samningaviðræðum.

Ríkissáttasemjari hefur í dag lagt fram miðlunartillögu í kjaradeilu þorra aðildarfélaga ASÍ og BSRB við atvinnurekendur.

Þann 24.4. sl. vísuðu VSÍ og VMS öllum deilumálum sínum við aðildarfélög ASÍ til ríkissáttasemjara og þar með ykkar deilu. Að höfðu samráði við forsvarsmenn samninganefnda ASÍ, VSÍ og VMS ákvað ríkissáttasemjari að leggja fram tillöguna einungis gagnvart þeim félögum, sem átt hafa aðild að samningaviðræðunum. Við frágang málsins gafst ekki tími til að yfirfara málin með ykkur né

öðrum þeim félögum, sem utan samflotsins eru. Þrátt fyrir það þykir rétt að gefa öllum aðildarfélögum Alþýðusambandsins færi á að taka afstöðu til tillögunnar, ef þau óska þess. Er hún hér með send féluginu og stjórn þess látin eftir ákvörðun um það, hvort tillagan verður tekin til afgreiðslu í féluginu.

Ákveði félagið að bera tillöguna undir atkvæði, fer atkvæðagreiðsla fram eftir þeim reglum, sem gilda um afgreiðslu miðlunartillögunnar hjá þeim félögum, sem henni er beint að, sbr. ákvæði þar um í tillögunni sjálfri, að öðru leyti en því, er varðar dagsetningar atkvæðagreiðslu og atkvæðatalningar.

Ákveði félagið að bera tillöguna ekki undir atkvæði, hefur það engin áhrif á stöðu félagsins varðandi samningaviðræður.

Hyggist félagið bera tillöguna undir atkvæði, ber að tilkynna ríkissáttasemjara það fyrir 1. júní n.k.“

Í bréfi Félags málmíðnaðarmanna, Akureyri, til ríkissáttasemjara, dags. 29. maí 1992, kemur fram, að kosning um miðlunartillögu ríkissáttasemjara, sem hann lagði fram 26. apríl 1992, hafi farið fram hjá Félagi málmíðnaðarmanna, Akureyri, 28. og 29. maí 1992 og atkvæði fallið þannig, að miðlunartillagan var samþykkt.

2. gr. miðlunartillögunnar er svohljóðandi:

„Allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengjast til 1. mars 1993 með þeim breytingum og fyrirvörum, sem í samningi þessum felast.“

Síðasti kjarasamningur Félags málmíðnaðarmanna Akureyri og Slippstöðvarinnar h/f, þ.e. samningurinn frá 5. apríl 1990, var ekki samþykktur af VSÍ og ekki sendur embætti ríkissáttasemjara, sbr. 4. gr. l. nr. 33/1978.

Í framangreindu dreifibréfi frá 26. apríl sl. kemur fram, að öllum aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands sé gefið færi á að taka afstöðu til tillögunnar, óski þau þess. Framangreint orðalag ber ekki með sér, að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar sé skuldbindandi fyrir stefnda. Í bréfi Vinnuveitendasambands Íslands til Slippstöðvarinnar frá 14. júlí 1992 segir m.a.:

„Það kemur skýrt fram í texta 1. gr. sáttatillögunnar, að hún framlengir einungis síðustu gildandi kjarasamninga aðila. Vinnuveitendasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands eru aðilar þessarar sáttatillögu.“

Kjarasamningur, sá sem Slippstöðin h/f og tilgreind stéttarfélag

gerðu þann 4. apríl 1990, er gildislaus gagnvart Vinnuveitendasambandi Íslands, eins og áður hefur verið rakið. Þessi kjarasamningur var því ekki framlengdur með sáttatillögunni frá 26. apríl sl., því að Vinnuveitendasambandið átti enga aðild að fyrrgreindum kjarasamningi.“

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir verða að líta á samþykki Félags málmíðnaðarmanna á Akureyri við miðlunartillögu ríkissáttasemjara sem samningstilboð, sem stefndu hafa hafnað.

Ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af málinu.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Málms, samtaka fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, vegna Slippstöðvarinnar h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Málm- og skipasmiðasambands Íslands vegna Félags málmíðnaðarmanna Akureyri, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Jóns Þorsteinssonar.

Ríkissáttasemjari lagði fram miðlunartillögu í kjaradeilu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands hinn 26. apríl 1992. Tillagan beindist að tilgreindum landssamböndum og félögum innan ASÍ, en þar á meðal var eigi stefnandi þessa máls, Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri. Þessi miðlunartillaga grundvallaðist í reynd á samkomulagi milli ASÍ og VSÍ um lausn deilunnar, en ekki á hugmyndum ríkissáttasemjara. Atkvæðagreiðslum um miðlunartillöguna skyldi lokið fyrir 6. maí 1992.

Utan miðlunartillögunnar stóðu einnig allmörg stéttarfélög innan ASÍ, sem ekki höfðu tekið þátt í almennum samningaviðræðum, en flest þessara félaga höfðu borið fram sérkröfur. Jafnhliða samkomulaginu um miðlunartillöguna var því samið um, hvernig leysa mætti kjaradeilur þessara félaga. Var það gert með þeim hætti, að

Alþýðusamband Íslands sendi út dreifibréf til félaganna, samið af ríkissáttasemjara, þar sem þessum félögum var gefinn kostur á að taka með atkvæðagreiðslu afstöðu til miðlunartillögunnar, ef þau óskuðu þess. Atkvæðagreiðslum átti að ljúka fyrir 1. júní 1992, og áttu þær að lúta sömu reglum sem gilda um formlegar miðlunartillögur.

Í þessu dreifibréfi fólst í raun rétttri tilboð frá Vinnuveitendasambandi Íslands til þeirra félaga innan Alþýðusambands Íslands, sem hlut áttu að máli, um að ljúka kjaradeilum sínum með því að fallast á miðlunartillöguna. Einkum var þetta ljóst eftir 6. maí 1992, þegar framkvæmdastjórn VSI hafði samþykkt miðlunartillöguna í atkvæðagreiðslu.

Í dreifibréfinu er fram tekið, að Vinnuveitendasamband Íslands hafi hinn 24. apríl 1992 vísað „öllum deilumálum sínum við aðildarfélög ASÍ til ríkissáttasemjara“. Enn fremur segir þar, að rétt þyki „að gefa öllum aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands færi á að taka afstöðu til tillögunnar, ef þau óska þess“. Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri var þannig í hópi þeirra félaga, sem nutu þessa boðskapar, en í dreifibréfinu var ekki gerður neinn fyrirvari um innihald síðastgildandi samninga viðkomandi stéttarfélaga. Því er svo við að bæta, að í bréfi ríkissáttasemjara frá 5. október 1992 staðfestir hann með tilvísun til dreifibréfsins, að Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri hafi gerst aðili að miðlunartillögunni.

Líta verður svo á, að á sl. vori hafi Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri átt í kjaradeilu við Vinnuveitendasamband Íslands um kaup og kjör járníðnaðarmanna hjá Slippstöðinni á Akureyri, sem er aðili sambandsins. Síðasti samningur félagsins við Slippstöðina h/f rann út í árslok 1991. Eðlilegt var, að nýr samningur yrði gerður við Vinnuveitendasamband Íslands, sem hefur samningsrétt fyrir alla sambandsaðila. Það breytir eigi þessu viðhorfi, þótt Slippstöðin h/f hafi á undanförunum árum vanrækt að leita staðfestingar VSI á gerðum kjarasamningum.

Félag málmíðnaðarmanna á Akureyri samþykkti miðlunartillögununa samkvæmt tilboðinu í dreifibréfinu við allsherjaratkvæðagreiðslu innan félagsins, sem fram fór dagana 28. og 29. maí 1992. Viðurkennt er, að með þessari samþykkt hlutu félagsmenn þær kjarabætur, er fólust í miðlunartillögunni, hjá öðrum vinnuveitendum en Slippstöðinni h/f. Með skírskotun til röksemda hér að

framan verður að líta svo á, að málmíðnaðarmenn hjá Slippstöðinni h/f. eigi rétt á að njóta sömu kjarabóta og aðrir félagsmenn. Er sú niðurstaða í bestu samræmi við meginstefnuna um samflot, heildarlausn og sömu kjarabætur fyrir alla, sem ríkjandi var í vinnudeilum ASÍ og VSÍ á sl. vori.

Það leiðir af þessari niðurstöðu, að taka ber kröfur stefnanda í málinu til greina nema kröfuna um málskostnað, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 15. desember 1992.

Nr. 13/1992.

Launanevnd sveitarfélaga

v/Hafnarfjarðarbæjar

(Gunnar Eydal hrl.)

gegn

Fóstrufélagi Íslands

(Gestur Jónsson hrl.).

Kjarasamningur. Fóstrur.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Björn Helgason, Ingi-björg Benediktsdóttir, Eiríkur Helgason og Gísli Gíslason.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. des. sl., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu út gefinni 6. nóvember sl.

Stefnandi er Launanevnd sveitarfélaga, Háaleitisbraut 11 - 13, Reykjavík, vegna Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, Hafnarfirði.

Stefndi er Fóstrufélag Íslands, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að með undirritun kjarasamnings Launanevndar sveitarfélaga f.h. viðkomandi sveitarfélaga og Fóstrufélags Íslands 12. ágúst 1992 og staðfestingu bæjarráðs Hafnarfjarðar á þeim samningi 20. ágúst 1992 og með samþykki meiri hluta viðkomandi félagsmanna í